

Fundargerð 300.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Þriðjudaginn 17. september 2025 kl. 15.00 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu HN við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Þórunn Sif Harðardóttir, Andri Teitsson, Sverre Jakobsson og Þröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu og send til samþykktar með rafrænum hætti.

Dagskrá fundarins:

1. Dysnes.

Hafnarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi Dysnes. Kynnt var m.a. skýrsla sem VSÓ ráðgjöf vann fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið varðandi verðmat á landi Syðri Bakka. Hafnarstjóri falið að ræða við landeigendur í anda umræðna á fundinum um möguleg kaup á Syðri Bakka.

2. Torfunefsbyggja.

Hafnarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi Torfunefsbyggju. Framkvæmdir við þjónustubyggingu HN á byggjunni eru á áætlun og er vonast til að uppsteypu verði lokið í desember.

Viðræður við hæstbjóðanda á byggingarétti á Torfunefsbyggju eru að hefjast og munu hafnarstjóri og formaður stjórnar ásamt skipulagsstjóra Akureyrarbæjar taka þátt í þeim viðræðum.

3. Fjárhagsáætlun HN fyrir árið 2026, fyrri umræða.

Hafnarstjóri lagði fram og kynnti drög að fjárhagsáætlun HN fyrir árið 2026. Fyrri umræðu lokið og henni vísað til síðari umræðu.

4. Framkvæmdaáætlun HN fyrir árið 2026, fyrri umræða.

Hafnarstjóri lagði fram og kynnti drög að framkvæmdaáætlun HN fyrir árið 2026. Fyrri umræðu lokið og henni vísað til síðari umræðu.

5. Önnur mál.

- a. Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 16.50